



## Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Velferðanefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Húsavík, 7. desember 2023

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra, þingskjal 416, 402 mál.**

Með tillögunni er mennta- og barnamálaráðherra falið að vinna heildstæða stefnu um gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

#### Umsögn byggðarráðs Norðurþings:

Byggðarráð Norðurþings tekur undir rök þingsályktunartillögunnar um kosti þess og ávinning að öll börn eigi þess kost að fá holla og góða næringu.

Byggðarráð ítrekar að ríkið getur ekki skyldað sveitarfélög til slíkra verkefna nema tekjustofnar þeirra verði endurskoðaðir samhliða og fjármagn til framkvæmdarinnar sé tryggt. Verði tillagan samþykkt er því nauðsynlegt að kostnaður við framkvæmdina verði greindur og skilgreint hvernig sveitarfélög fái endurgreiðslur vegna verkefnisins.

Byggðarráð bendir á þann möguleika að ríkið geti tryggt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á móti kostnaðinum við framkvæmdina. Þá sé miðað við að sveitarfélög eigi rétt á endurgreiðslu úr sjóðnum nýti þau útsvarsheimild sína að fullu.

Virðingarfyllst, f.h. byggðarráðs Norðurþings

svéitarstjóri